

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 613/2012

2014/EES/36/29

frá 9. júlí 2012

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009 er litur fyrirmyndarinnar að vottorði um starfshæfni skilgreindur sem „Pantone gulbrúnn“.
- 2) Nauðsynlegt er að skilgreina litinn af meiri nákvæmni til að stuðla að einsleitni og samræmingu í túlkun og beitingu reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað setningarinnar „Pantone gulbrúnn sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“ í þriðju línu III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009 komi eftirfarandi:

„Pantone gulbrúnn 467, eða eins nálægt þeim lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m², snið: DIN A4“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.